

Ed.

348. Frumvarp til laga

[205. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Sandfell í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja jörðina Sandfell í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu þessum aðilum:

Bergi Þorsteinssyni, Hofi, Hofshreppi.
Bjarna Sigurjónssyni, Hofi, Hofshreppi.
Gunnari Þorsteinssyni, Hofi, Hofshreppi.
Magnúsi Þorsteinssyni, Hofi, Hofshreppi.
Magnúsi Lárussyni, Svínafelli, Hofshreppi.

Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sandfell í Öræfum var um langan aldur prestssetur. Prestur sá, er síðast hafði þar búsetu, fluttist þaðan árið 1931. Eftir það var jörðin leigð bónda til ábúðar og var búið á jörðinni til 1947. Það ár var jörðin leigð bændum á Hofi til afnota með þeim skilmálum, að þeir skyldu hafa öll afnot jarðarinnar, „án þess þó að þeim sé gert að skyldu að búa í húsunum eða nota þau“.

Með lögum nr. 35 1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristni-sjóð, var Sandfellsprestakall sameinað Kálfafellsstaðarprestakalli og sú skipan gerð til frambúðar, að Sandfell verður ekki prestssetur.

Á Hofi eru nokkur býli í sama hverfi. Á þeim jörðum eru allstór tún og þar er mjög gott land til ræktunar, en beitiland sauðfjár of takmarkað.

Nú hafa bændur á Hofi farið þess á leit, að veitt verði lagaheimild til þess, að þeir geti fengið Sandfellsjörðina keypta, svo að þeim gefist með því kostur á að tryggja sér það að geta framvegis notið sömu aðstöðu til búskapar og þeir hafa haft í 24 ár.

Fyrir 19 árum brá búi einn þeirra bænda á Hofi, sem fengið hafði Sandfell til afnota. Færðist þá afnotarétturinn að þeim hluta í hendur bónda í Svínafelli.

Leigjendur hafa átt jafna hlutdeild til afnota af Sandfelli, þ. e. $\frac{1}{5}$ hluta hver þeirra. Í frumvarpi þessu er miðað við, að þetta hlutfall haldist, ef þeim verður seld jörðin.

Fylgiskjal.

Við undirritaðir bændur, sem nytjað höfum ríkisjörðina Sandfell í Öræfum í 24 ár, viljum hér með fara þess á leit við háttvirt Alþingi, að það mæli með, að við getum fengið téða jörð keypta fyrir sanngjarnt verð.

Það skal tekið fram, að við óskum eindregið eftir, að sölunni fylgi allt það, sem jörðinni hefur fylgt og fylgja ber, svo sem rekafjörur og meiri hluti Ingólfs-höfða.

(Í Ingólfshöfða á jörðinni Hof $\frac{2}{5}$ hluta grasnytjar.)

Virðingarfyllt,

Hofi, 26. jan. 1971,

Bergur Þorsteinsson, Hofi.
Gunnar Þorsteinsson, Hofi.
Magnús Þorsteinsson, Hofi.
Bjarni Sigurjónsson, Hofi.
Magnús Lárusson, Svínafelli.